

## Fundargerð 151. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 18. febrúar 2021 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Samúel Ingvason, Sigurður Gunnar Benediktsson, Pétur Freyr Jónsson, Andrés Bjarnason, Einar Sveinn Kristjánsson og Kristmundur Skarphéðinsson.

Á fjarfundi: Sigurður Jóhann Erlingsson og Svanur Gunnsteinsson

Fjarverandi: Agnar Ólason

Dagskrá :

- 1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 150.** Athugasemdir við fundargerð bárust frá Agnari í morgun og óskar formaður eftir að fá að fresta undirritun, hlutsa á upptöku af fundinum og breyta þá fundargerð ef þurfa þykir. Samþykkt að fresta undirritun til næsta fundar.
- 2. Skýrsla formanns.**

Það virðist vera allt í gangi í þjóðfélaginu og allt sem við erum að gera gengur mjög hægt. Búið er að funda fimm sinnum með ÍSAL um vinnutímastyttingu. Ná þurfti trúnaðarráðinu þar í takt áður en tillögur færu til stjórnenda. Í millitíðinni náði ÍSAL samningum við Landsvirkun svo það mál komst á hreint. Fimm stéttarfélög koma að þessari vinnutímastyttingu. Við höfum verið að vinna í vinnutímastyttingum á fleiri stöðum og erum að vinna að samningi hjá Selfossveitum. Ákveðin vinna hefur verið í gangi í rúman mánuð við svokallaða Grænbók. Formaður ætlar að fara betur í þetta á eftir undir önnur mál. Svo erum við byrjaðir að funda með SFS og erum að vinna með Sjómannasambandi Grindavíkur og Sjómannasambandi Íslands. Krafa um áður umsamda 0,5% skiptaprósentu tapaðist fyrir dómi, formaður mun sýna skjalið á eftir en það verður einhver slagur um loðnuverðið. Útgerðarmenn eru búnir að vera að borga norskum skipum mun hærra en það sem verið er að borga íslenskum skipum. Við þurfum að koma þessu í umræðuna eins og t.d. inn til þingmanna. Formaður er búinn að eiga fund með Viðreisn og á fund með Samfylkingunni í næstu viku þar sem verið er að fara yfir verðmyndun.
- 3. Stórhöfði 29.**

Við vitum ekki annað en það muni standast að flytja fyrstu helgina í mars. Eitt af því sem við höfum talað um er að við höfum verið að þessu til að auka samstarfið og það er þegar byrjað eins og t.d. með Grænbókina. Formaður sýndi teikningu af Stórhöfða 29 og 31 og kynnti hugmynd sem komin er upp og snýr að því vera með sameiginlega móttöku fyrir öll félögin. Móttakan yrði staðsett í rýminu á milli húsanna. Reiknað er með 3 starfsmönnum í móttökuna, einum frá okkur, innangengt verður þá á milli húsanna.

Formaður sýndi drög að hönnun á rými, hann sagðist viss um að þetta myndi auðvelda samstarf á milli félaganna. Einar sagði að sér fyndist þetta vera í takt við það sem lagt var upp með. Þessi félög saman eru miklu sterkari en í sundur. Spurt var hvort við höfum séð einhverja galla við þetta og formaður sagði að eini gallinn væri sá að þetta hefði þurft að koma upp fyrir upp á breytingar að gera en þær væru samt ekki það miklar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að fara í sameiginlega móttöku.

#### 4. Orlofsmál – Fjárhagsáætlun.

Mikið var rætt um orlofsmál á síðasta fundi og tilgangurinn núna er ekki að fara í mikla umræðu en það þarf að fara í nokkur atriði. Formaður sagðist ætla að reyna að halda sérstakan fund um orlofsmál fyrir næsta stjórnarfund því það þarf að ákveða hvort eitthvað á að fara fyrir aðalfund og við þurfum að marka okkur stefnu í þessum málum. Formaður sýndi viðhaldsáætlun fyrir árið 2021, og þá sérstaklega á Laugarvatn. Áætlunin fyrir Laugarvatn kom frá umsjónarmanni. Rotþró sem er hjá nýju húsunum er t.d. of nálægt og farin að koma lykt. Formaður óskaði eftir að menn færu yfir gögnin sem eru undir fundinum og væru klárir þegar hann boðaði fund um orlofsmálin. Þeir stjórnarmenn sem hafa áhuga mæti, það verður ekki skyldumæting. Formaður sagði að fastur kostnaður væri alltaf bara í takt. Síðan kemur viðhaldskostnaður og þetta endar í 160 milljónum. Reglan hefur verið að skrá allt viðhald og skera síðan niður til að ná niður kostnaði, reynt að láta tekjur og útgjöld stemma. Þrjú hús hafa þegar verið seld og því deilast tekjurnar á færri hús. Lausnir í boði eru að láta félagssjóð styrkja orlofssjóð eða selja fleiri hús. Formaður mun boða fundinn í kringum 10 mars. Spirt var hvernig samstarfið við FMA með orlofshúsin gengi og formaður upplýsti að hann héldi að það gengi bara vel.

#### 5. Heiðranir.

Formaður sýndi lista yfir þá sem hafa fengið Gullmerki félagsins. Hann ákvað fyrir aðalfund 2019 að heiðra engan og fyrir aðalfund 2020 var ástandið bara eins og það var. Nú þarf að taka ákvarðanir hvort og þá hvern á að heiðra á næsta aðalfundi. Reglugerðir varðandi þetta eru líka undir fundargögnum. Formaður óskaði eftir að fá að boða 2 – 4 menn í nefnd til að útfæra reglurnar og koma með tillögur um hverja á að heiðra. Hann talaði líka um að vera með lifandi lista yfir hverjir eiga að fá merkið svo enginn gleymist. Formaður sagðist vera búinn að hugsa hverjir myndu henta í þessa nefnd og stakk upp á Gunnari Skagfjörð, Jóni Jóhannssyni og Guðmundi Sigurvinsyni. Samþykkt var að formaður færi í að skipa þessa nefnd.

#### 6. Önnur mál.

- Stjórn sjúkrasjóðs fundaði þann 17.02.21. Formaður kynnti niðurstöður fundarins. Samþykkt var að fara í forvarnarátak til félagsmanna 50 ára og eldri, þ.e. kynna betur forvarnarstyrkina okkar og hvetja men til að nýta sér þá. Samþykkt var að hækka líkamsrætarstyrk í 30 þúsund eða að hámarki 60% af reikingi. Spurt var hvort styrkurinn væri miðaður við einhverjar hækkanir og formaður sagði það ekki vera en góð ábending

- samt. Öllum 50 ára og eldri verður sent bréf og menn hvattir til að nýta sér endurgreiðsluna. Bréfið verður á íslensku, ensku og pólsku.
- Grænbókarvinnan. Formaður sýndi béf frá nóv. 2020. SA, ASÍ og ríkið skrifuðu undir að fara af stað með þessa vinnu til að auðvelda okkur að gera kjarasamninga, Grænbókin er í raun sama og Salek. Margt er umdeilt í þessu og ríkið ákvað að senda þetta ekki á heildarsamtökin heldur á hvert og eitt félag. Niðurstaða iðnaðarmanna var sú að þó svo að við séum ekki hrifin af efninu þá er betra að reyna að hafa einhver áhrif á þetta. Við munum senda athugasemdir á Forsætisráðuneytið, Grænbókarnefnd, bréfið er í fundargögnunum. Það er sama vinna byrjuð í sambandi við löggildinguna og þar erum við með sömu lögfræðinga í að skrifa textann. Annar þeirra er framkvæmdarstjóri Samiðnar. Hann telur að við ættum að koma tillögum inn í ráðuneytið það sé betra en að koma með eitthvað þegar þetta er komið inn á þingið. Fyrst og fremst er þessi afneming löggildingar sparnaður við regluverkið.
- Stjórn barst erindi frá kennara við VMA, þar sem hann óskar eftir að fá styrk frá félaginu vegna kostnaðar við námskeið sem hann sótti í Noregi. Formaður stakk upp að svara honum bara með því að benda á fræðslusjóð kennarasambandsins og svo að sækja um í Akki. Samþykkt.
- Skiptaprósenta, dómur félagsdóms. Formaður sýndi dóminn og ræddi um hann.
- Formaður sýndi beiðni sem okkur barst varðandi lögfræðikostnað. Kosið var um að hafna málinu, 7 samþykktu og 2 sátu hjá.